

***BORGARRÁÐ 10. janúar 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins varðandi átakshóp um bætt aðgengi fatlaðra að Laugavegi - R19010189***

Á 33. fundi umhverfis- og skipulagsráðs 2013, var samþykkt að stofna átakshóp um bætt aðgengi fatlaðra að Laugaveginum. Tillagan sem lá til grundvallar var svohljóðandi: „Nú þegar Laugavegur er að fara í endurhönnun er mikilvægt að nýta það tækifæri til þess að leggja áherslu á aðgengi fatlaðra. Lagt er til að skipaður verði sérstakur átakshópur í þeim tilgangi. Hann móti áherslur og stefnu Reykjavíkurborgar og verkferla vegna umsókna sem berast um bætt aðgengi. Átakshópur vinni með kaupmönnum og öðrum rekstraraðilum.“ Á fundinum var ákveðið að fresta skipun hópsins. 1. Er búið að skipa í hópinn og hefur hann tekið til starfa? 2. Ef ekki er búið að skipa í hópinn hver er ástæðan? 3. Ef ekki er búið að skipa í hópinn hvenær stendur til að gera það?